




Náms- og kennsluáætlun - Vorönn 2025

HAGF3PF05

Kennari	Sigurður Hilmar Guðjónsson, hilmar.gudjonsson@fss.is	
Viðtalstími	Þriðjudagur 13:00-13:40	
Námsefni	Þjóðhagfræði eftir Þórunni Klemensdóttur, fæst hjá Forlaginu. Nemendur þurfa að mæta með skriffæri og helst tölvu í allar kennslustundir.	
Áfangalýsing	<p>Áfanginn miðar að því að auka skilning nemandans á starfsemi þjóðarbúsins og hreyfiöflum efnahagspróunar. Innra samhengi í hagkerfinu er skýrt með hjálp efnahagshringrásarinnar og með einföldum haglíkönum. Fjallað er um markmið hagstjórnunar og helstu hagstjórnartæki. Kynntar eru meginstefnur og straumar sem tengjast hagfræði þjóðarbúsins. Fjallað er um markaðskerfið og nokkur grundvallareinkenni þess. Komið er inn á kenningar um ytri áhrif og markaðsbresti með áherslu á umhverfisvandamál sem skapast af framleiðslu og neyslu í iðnvæddum samfélögum.</p> <p>Í áfanganum er lögð áhersla á að nemendur verði hæfari til að fjalla um helstu efnahagsbandalög Evrópu. Fjallað verður um viðskiptajafnvægi og helstu stefnur í þjóðarbúskapnum. Farið verður nánar í þjóðhagsreikninga, hagvöxt og hagstjórn. Nemendur þekki vel samhengi hagsveiflna, verðbólgu og atvinnuleysis, kynnist íslensku atvinnulífi og efnahagssamvinnu.</p>	
Námsmat og vægi námsmatsþátta	<p>Áfanganum er skipt í 4 lotur og reiknast lotueinkunn eftir hverja lotu. Lotueinkunn byggist á lotuprófi, tveimur einstaklingsverkefnum, einu hópaverkefni og virkni í tímum. Lokaeinkunn er meðaltal lotueinkunna. Lotupróf verða eftir hverja lotu.</p> <p>Til þess að standast lotuna þarf nemandi að fá einkunnina 4,5 á lotuprófi og að lágmarki 4,5 í reiknaðri einkunn hvarrar lotu. Ef nemandi fellur í lotuprófi fær hann annað tækifæri til þess að taka prófið.</p>	
	Símatsáfangi <input checked="" type="checkbox"/>	Lokapróf <input type="checkbox"/>
	Heiti	Vægi
	Einstaklingsverkefni	20%
	Hópaverkefni	10%
	Virkni í kennslustundum	10%
	Lotupróf	60%

Reglur áfanga	Notkun á snjallsímum er ekki leyfileg í tímum nema með leyfi kennara.
----------------------	--

Annað sem kennari vill láta koma fram	Ætlast er til að nemendur mæti vel í tíma og vinni vel í tímum. Einkunnir verða settar inn á Innu.
--	--

Þekking	Leikni
<p>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Hringrás efnahagslífsins og átti sig á samhengi hagstærða • Margföldunaráhrifum í hagkerfinu og ástæðna fyrir þeim • Tækjum fjármálastjórnunar • Helstu ákvörðunarpáttum peningaeftirspurnar og peningaframboðs • Helstu tækjum peningamálastjórnunar • Tengslum sem eru á milli vöru- og peningamarkaðar • Helstu vandamálum sem fylgja hagstjórn í opnu hagkerfi • Meginkenningar um ákvörðun þjóðartekna og áhrifamátt hagstjórnar • Meginhugmynd "framboðssinnaðrar" hagfræði • Hugmyndum um þátt væntinga í efnahagslífinu, svo sem kenninga um "skynsamlegar væntingar" • Hugtakinu velferðarauki • Hugtakinu markaðsbrestur og helstu ástæður fyrir markaðsbresti • Hagstjórnaraðgerðahugtakinu raungengi 	<p>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Reikna út þjóðartekjur í jafnvægi og aðrar helstu hagstærðir með hjálp einfalds haglíkans • Greina vandamál sem tengjast hallarekstri hins opinbera • Greina afleiðingar nafngengisbreytinga fyrir þjóðarbúskapinn • Geta tilgreint dæmi um „ytri áhrif“ efnahags-og alþjóðasamtaka. • Greina samhengi umhverfismála og markaðsverðmyndunar
	
Hæfni	
<p>Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Túlka heildareftirspurn og heildarframboð í hagkerfinu með hjálp einfalds haglíkans • Útskýra með hjálp línurita hvernig heildarframboð og heildareftirspurn ákvarðar verðlag og raunþjóðartekjur • Túlka innra og ytra jafnvægi í hagkerfinu og geti útskýrt hvernig mismunandi hagstjórnaraðgerðir geta fært hagkerfið nær innra og ytra jafnvægi • Taka þátt í daglegri efnahagsumræðu út frá faglegu sjónarmiði Virðing, samvinna og árangur Fjölbrautaskóli Suðurnesja • Beita upplýsingatækni við öflun upplýsinga og lausn verkefna • Gera sér grein fyrir áhrifum peningamálastjórnar á vaxtastig • Átta sig á mikilvægi raungengis á þjóðarbúskapinn • Átta sig á því hvernig velferðarauki skerðist við einokun 	

Virðing, samvinna og árangur

Vinnuáætlun		
Tímasókn	16 vikur x 4 klst.	64 klst.
Undirbúningur f. tíma	16 vikur x 4 tímar x 15 mín	16 klst.
Undirbúningur f. próf	4 x 4 klst.	16 klst.
Verkefnavinna	15 klst.	15 klst.
Alls		111 klst. = 5 fein*

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum
1. vika 6. – 10. janúar	Kynning á áfanganum Lota 1 - Hagfræðin Kaflar 1 og 6	Einstaklingsverkefni 1a
2. vika 13. – 17. janúar	Lota 1 - Hagfræðin Kaflar 3, 4 og 5	Hópaverkefni 1
3. vika 20. – 24. janúar	Lota 1 - Hagfræðin Kaflar 10 og 11	Einstaklingsverkefni 1b
4. vika 27. – 31. janúar	Lota 1 - Hagfræðin Kaflar 12 og 13	Lotupróf 1
5. vika 3. - 7. febrúar	Lota 2 – Ísland og Evrópa Kaflar 20 og 21	Einstaklingsverkefni 2a
6. vika 10. - 14. febrúar <i>Uppbrotisdagur</i>	Lota 2 – Ísland og Evrópa Kaflar 22 og 25	Hópaverkefni 2
7. vika 17. - 21. febrúar	Lota 2 – Ísland og Evrópa Kafli 23	Einstaklingsverkefni 2b
8. vika 24. - 28. febrúar <i>Vetrarfrí 27. og 28.</i>	Lota 2 – Ísland og Evrópa Kaflar 26 og 27	Lotupróf 2
9. vika 3. - 7. mars <i>Námsmatsdagur - Miðannarmat</i>	Endurtekt á Lotu 1 og 2	
10. vika 10. - 14. mars	Lota 3 – Þjóðar- og landsframleiðsla Kaflar 2 og 14	Einstaklingsverkefni 3a
11. vika 17- 21. mars	Lota 3 – Þjóðar- og landsframleiðsla Kaflar 15 og 16	Hópaverkefni 3
12. vika 24. - 28. mars	Lota 3 – Þjóðar- og landsframleiðsla Kaflar 17 og 19	Einstaklingsverkefni 3b
13. vika 31. mars - 4. apríl	Lota 3 – Þjóðar- og landsframleiðsla Kaflar 29 og 30	Lotupróf 3
14. vika 7. - 11. apríl <i>Starfshlaup - Páskafri</i>	Lota 4 – Fjármála- og peningastefna Kaflar 28 og 31	Einstaklingsverkefni 4
15. vika 22. - 25. apríl <i>Sumardagurinn fyrsti</i>	Lota 4 – Fjármála- og peningastefna Kaflar 32 og 33	Hópaverkefni 4
16. vika 28. apríl - 2. maí	Lota 4 – Fjármála- og peningastefna Kaflar 34 og 35	Lotupróf 4
17. vika 5. - 9. maí	Endurtekt á Lotu 3 og 4	

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf

Sigurður Hilmar Guðjónsson

Fjölbrautaskóli Suðurnesja